

Fundargerð 78. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu miðvikudaginn 1. júlí 2015 kl. 08:30 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albina Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Sævar Skaptason og Guðjón Bragason.

Frá FMS: Björn Jóhannsson og Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir

Dagskrá fundar:

Björn tilkynnir stjórn um uppsögn sína og starfslok hjá Ferðamálastofu í haust. Stjórnin óskar Birni velfarnaðar í störfum sínum og þakkar honum gott samstarf.

1. Albína sýnir myndir frá ferð sinni um Vestfirði. Ekki alltaf greinilegt hvað hafði verið styrkt, framkvæmdir ekki alltaf greinilegar og merkingar óljósar. Lagt er til að Björn útbúi myndaskýrslu frá ferð um norðausturland líka.
2. Vettvangsferð stjórnar (sjá fundargerð)
3. Stjórn lýsir yfir vonbrigðum sínum með að ekki hafi borist fleiri skýrslur og gögn sem kallað hefur verið eftir. Telur mikilvægt að funda með ferðamálastjóra til að ræða stöðu mála. Óska eftir fundi mánudaginn 6. júlí, Björn ræðir við Ólöfu varðandi það. Stefán og Eydís hafa kallað eftir fundi 20. júlí, Albína og Björn mæta.
4. Guðjón biður Björn um að taka saman stöðu verkefna og bera saman árangur verkefna sveitarfélaga og ríkis.

Fundi slitið kl. 9:30

Fundargerð rituðu Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir og Björn Jóhannsson

Albina Thordarson
Guðjón Bragason
Anna G. Sverrisdóttir
Sævar Skaptason